

SKOÐANAKÖNNUN VEGNA SAMEININGAR SVEITARFÉLAGA

Þann 14. maí nk. fara fram sveitarstjórnarkosningar í Dalabyggð. Samhliða þeim verður lögð fram skoðanakönnun meðal íbúa um sameiningarvalkosti sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn Dalabyggðar hefur ákveðið að kanna hug íbúa til þess hvort hefja skuli sameiningarviðræður. Hafi íbúar áhuga á að sameiningarviðræður fari fram, er stefnt að því að íbúar kjósi um mögulega sameiningu á nýju kjörtímabili.

Áður en til þess kæmi færi fram stöðugreining, almenn kynning fyrir íbúum og umræða eins og lög gera ráð fyrir við sameiningarviðræður.

Hér er því aðeins um að ræða leiðbeinandi skoðanakönnun meðal kosningabærra íbúa Dalabyggðar um mögulega sameiningarvalkosti.

Tilgangur þessa kynningarrits er að veita íbúum grunnupplýsingar til að geta tekið afstöðu til þess hvort hefja skuli sameiningarviðræður eða ekki, og hvaða valkostur ætti að vera í forgangi.

Í könnuninni verður íbúum gefið tækifæri til að láta í ljós hvort þeir séu hlynntir því að hefja skuli sameiningarviðræður eður ei og hvaða valkostur þeim þykir æskilegastur ef til sameiningar kemur.

Hægt er að nálgast ítarefni varðandi valkostagreininguna og framkvæmd könnunarinnar á www.dalir.is/sameiningarmal og á skrifstofu Dalabyggðar í Stjórnsýsluhúsinu að Miðbraut 11, 370 Búðardal frá kl. 09:00-13:00 alla virka daga.

Stefna í málefnum sveitarfélaga

Alþingi hefur samþykkt stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga þar sem helstu áherslur eru:

- aukið bolmagn sveitarfélaga
- aukið íbúalýðræði
- aukin stafræn þjónusta og aðkoma íbúa að ákvörðunum
- bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa
- aukið fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaga
- jöfnun á þjónustustigi í sveitarfélögum

Áætlunin felur í sér stefnu um lögbundinn lágmarksíbúafjölda og aukinn fjárhagslegan stuðning Jöfnunarsjóðs við sameiningar sveitarfélaga.

Í því skyni að auka sjálfbærni sveitarfélaga og tryggja getu þeirra til að annast lögbundin verkefni er stefnt að því að lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags sé ekki undir 1.000 frá árinu 2026. Fyrir þann tíma þarf Dalabyggð því annað hvort að hefja formlegar sameiningarviðræður eða vinna álit um stöðu sveitarfélagsins og getu þess til að sinna lögbundnum verkefnum.


Valkostirnir

Dalabyggð framkvæmdi greiningu á mismunandi sameiningarvalkostum á árinu 2021. Niðurstöður þeirrar greiningar hafa verið kynntar íbúum og eru aðgengilegar á vefsíðu sveitarfélagsins. Hér á eftir má finna stutta yfirferð yfir þá valkosti sem sveitarstjórn óskar eftir að íbúar velji á milli í skoðanakönnuninni. Gögnin eru uppfærð miðað við ársbyrjun 2022.



WWW.DALIR.IS/SAMEININGARMAL

Dalabyggð og Húnaþing vestra



	Íbúafjöldi	Sameiningar- framlög	Vegalengd
	1.891	369	
Dalabyggð	665	237	0
Húnaþing Vestra	1.226	132	81

- Lítil hefð fyrir samstarfi sveitarfélaganna
- Sameiginlegir hagsmunir í umhverfis- og skipulagsmálum
- Íbúapróun jákvæð
- Rekstur sveitarfélagsins jákvæður
- Fjárfestingageta góð
- Atvinnulíf byggir á matvælaframleiðslu
- Hóflegur vöxtur í ferðaþjónustu
- Samgöngur þarf að bæta í Hrutafjörð

Dalabyggð og sameinað sveitarfélag Stykkishólms og Helgafellssveitar



	Íbúafjöldi	Sameiningar- framlög	Vegalengd
	1.970	856	
Dalabyggð	665	237	0
Helgafellssveit	79	100	82
Stykkishólmur	1.226	519	86

- Hefð fyrir samstarfi sveitarfélaganna
- Sameiginlegir hagsmunir í umhverfis- og skipulagsmálum
- Íbúapróun jákvæð
- Rekstur sveitarfélagsins jákvæður
- Fjárfestingageta ágæt
- Fjölbreytt atvinnulíf
- Rannsóknarsetur
- Vöxtur í ferðaþjónustu
- Samgöngur þarf að bæta um Skógarströnd

Framkvæmd könnunar

Réttur til þátttöku í skoðanakönnuninni er sá sami og í sveitarstjórnarkosningum, þ.e. hver íslenskur og norrænn ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri og á lögheimili í Dalabyggð.

Enn fremur geta aðrir erlendir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í þrjú ár samfelld fyrir kjördag tekið þátt.

Hægt er að taka þátt með því að mæta á kjörstað sveitarstjórnarkosninga í Dalabúð, milli kl. 10:00 og 20:00, á kjördegi þann 14. maí.

Hægt er að taka þátt utan kjörfundar á skrifstofu Sýslumannsins á Vesturlandi, að Miðbraut 11 í Búðardal.

Þátttakendur í skoðanakönnuninni fá seðil með spurningunni:

Ætti Dalabyggð að hefja sameiningarviðræður?

- Já
- Nei
- Hef ekki skoðun

Hvaða sameiningarvalkostur er æskilegastur að þínu mati?

- Sameining við Húnaþing vestra
- Sameining við sameinað sveitarfélag Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar
- Annað, hvað? _____

Kjörstjórn Dalabyggðar mun sjá um talningu í skoðanakönnuninni. Skoðanakönnunin er leiðbeinandi fyrir sveitarstjórn Dalabyggðar og verða niðurstöður birtar á vefsíðu sveitarfélagsins.

Íbúar geta sent spurningar á netfangið dalir@dalir.is og verður þeim svarað á vefsíðu sveitarfélagsins.

- Sveitarstjórn Dalabyggðar